



Skrifstofa Alþingis, Velferðarnefnd
101 Reykjavík

Reykjavík, 07. desember 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum og lögum um landlækni og lýðheilsu (lyfjaávisanir hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra). Þingskjal 288- 266. mál.

Námsbraut í ljósmóðurfræði fagnar umræddu frumvarpi um lyfjaávisanir ljósmæðra en til að hægt sé að nýta betur þekkingu þeirra og veita skilvirkari þjónustu þarf að eiga sér stað tilfærsla afmarkaðra verkefna til fagstétta sem hafa forsendur til að taka að sér slík verkefni. Á fundi með Velferðarnefnd Alþingis 29. nóvember sl. kom fram ósk um staðfestingu þess efnis að í undirbúningi væri nám í ljósmóðurfræði sem mætti þeirri auknu ábyrgð sem fælist í að veita ljósmæðrum heimildir til ávísana tiltekinna lyfja, líkt og frumvarpið felur í sér.

Víða í nágrannalöndum okkar, t.d. í Hollandi, Svíþjóð, Bretlandi, hafa ljósmæður haft leyfi til að ávísa hormónagetnaðarvörnum. Hér á landi eru þær í lykilstöðu þegar kemur að því að sinna kvenheilsu og forvörnum. Ljósmæður eru starfandi á nær öllum heilsugæslustöðvum og hitta allar konur í barneignaferlinu. Það er því rökrétt að þær veiti ráðgjöf um getnaðarvarnir og geti ávísað hormónagetnaðarvörnum til heilbrigðra kvenna á frjósemiskeiði enda mælir Landlæknir með því að ljósmæður fái slíka heimild.

Sú mikla þekkingarþróun sem átt hefur sér stað innan heilbrigðiskerfisins hefur þau áhrif að ljósmæðramenntun er í stöðugri endurskoðun sem aftur hefur áhrif á starfssvið ljósmæðra. Haustið 2019 verður tekin í notkun ný námsskrá í ljósmóðurfræði við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Inntökuskilyrði í ljósmóðurnámið verða áfram BS próf í hjúkrunarfræði en námið verður tvö ár og lýkur með meistaraáráðu til starfsréttinda. Í náminu verður sérstök áhersla á forvarnir, kyn- og kvenheilbrigði, þ.m. getnaðarvarnarráðgjöf. Þá verður byggt á námskeiðum úr hjúkrunarnámi en til viðbótar verður frekari kennsla um lífeðlisfræði tíðahringsins, áhrif lífstílsþátta á frjósemi, upplýsingaöflun og klíniska skoðun, og ráðgjöf og fræðslu um hormónagetnaðarvarnir. Jafnframt verður kennt um hina sérstöku verkun hormónalyfja og hjáverkun. Þannig þurfa ljósmæður að geta útskýrt helstu verkunarhætti þessara lyfja og geta rökstutt val á viðeigandi hormónagetnaðarvörn. Gert er ráð fyrir bóklegu og klínisku námi. Námsbraut í ljósmóðurfræði leitar á hverjum tíma til hæfustu kennara til að fjalla um þá þætti sem nauðsynlegt er til að uppfylla hæfniviðmið og útskrifa ljósmæður sem eru hæfar til starfa.

Virðingarfyllst,

Helga Gottfreðsdóttir, prófessor
Námsbrautarstjóri í ljósmóðurfræði
Hjúkrunarfræðideild
Háskóla Íslands



Skrifstofa Alþingis, Velferðarnefnd
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum og lögum um landlækni og lýðheilsu (lyfjaávisanir hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra). Þingskjal 288- 266. mál.

Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands fagnar fyrrnefndu frumvarpi og telur það vera mikilvægt skref til að útvíkka starfssvið hjúkrunarfræðinga sem stuðlað getur að bættri kynheilbrigðisþjónustu á Íslandi sem lög nr 25/1975 kveða á um. Í framkvæmdaráætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Evrópu um kynheilbrigði, sem samþykkt var árið 2016 og Ísland á aðild að, er mikil áhersla á aðgengi og gæði kynheilbrigðisþjónustu (WHO, 2016). Á Íslandi er engin kynheilbrigðisáætlun en eitt af mikilvægum málum í slíkum kynheilbrigðisáætlunum er fræðsla og ráðgjöf sem fólk á rétt á um kynlíf, barneignir og takmörkun barneigna.

Eins og fram kemur í frumvarpinu og greinargerð þess þá er kveðið á um viðbótarnám fyrir hjúkrunarfræðinga til að öðlast leyfi til að ávísu hormónagetnaðarvörnum. Í greinargerð er lögð áhersla á fræðilegt og klínískt námskeið. Víða erlendis er möguleiki fyrir hjúkrunarfræðinga að taka námskeið áður en þeir fá leyfi til að ávísu lyfjum og eru þau námskeið með ólíku sniði eftir löndum (Ling, o.fl., 2018; Smith, o.fl., 2014). Við uppbyggingu námskeiðs hér á landi sem miðar að því að hjúkrunarfræðingar fái leyfi til að ávísu hormónagetnaðarvörnum, er mikilvægt að taka mið af þeim alþjóðlegu leiðbeiningum sem lúta að lyfjaávisunum, alþjóðlegum gagnreyndum leiðbeiningum um hormónagetnaðarvarnir og þeim námskeiðum sem þróuð hafa verið erlendis (WHO, 1994; WHO, 2015). Mikilvægar áherslur slíks námskeiðs eru m.a. um lyfjafræði hormónagetnaðarvarna (s.s. verkun, aukaverkanir, milliverkun lyfja), áherslupættir heilbrigðissögu, mat á því hvenær hormónagetnaðarvörn er ekki við hæfi vegna frábendinga (s.s. sjúkdómar, lyfjanotkun), hvernig skuli fræðilega og klínískt byggja á hugmyndafræði ráðgjafar um getnaðarvarnir og um ábyrgð og skyldur þess sem ávísar lyfjum. Hjúkrunarfræðideild er reiðubúin að þróa slíkt námskeið í þverfaglegri samvinnu.

Virðingarfyllst,

Herdís Sveinsdóttir, deildarforseti
Hjúkrunarfræðideild
Háskóli Íslands
herdis@hi.is
s. 525 4971, 898 8757

Heimildir

Ling, D-L., Lyu, C-M., Liu, H., Xiao, X. og Yu, H-J. (2018). The necessity and possibility of implementation of nurse prescribing in China: An international perspective.

International Journal of Nursing Science, 5:72-80.

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og bsrneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975.

Smith, A., Latter, S. og Blenkinsopp, A. (2014). Safety and quality of nurse independent prescribing: A national study of experiences of education, continuing professional development clinical governance. *Journal of Advanced Nursing*, 70(11):2506e17. doi: 10.1111/jan.12392

World Health Organization (WHO). (1994). *Guide to good prescribing. A practical manual*. Genf: WHO. <http://apps.who.int/medicinedocs/en/d/Jwhozip23e/>

World Health Organization (WHO). (2015). Medical eligibility criteria for contraceptive use (5. útg.). Genf: WHO. Sótt af http://apps.who.int/iris/bitstream/handle/10665/181468/9789241549158_eng.pdf;jsessionid=5BF6580F7843D863D82C7B18D1358F40?sequence=1

World Health Organization (WHO). (2016). *Action plan for sexual and reproductive health. Towards achieving the 2030 agenda for sustainable development in Europe- leaving no one behind*. Kaupmnnahöfn: WHO. Sótt af http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0003/322275/Action-plan-sexual-reproductive-health.pdf?ua=1